STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 2001

20. ágúst 2001 1623 Nr. 633

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 880, 7. desember 2000, um bann við togveiðum suður af Dyrhólaey.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 880, 7. desember 2000, um bann við togveiðum suður af Dyrhólaey.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 22. ágúst 2001.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. ágúst 2001.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

20. ágúst 2001 Nr. 634

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 496, 7. júlí 2000, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2000/2001.

1. gr.

Í stað 8. og 9. málsliðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 411, 1. júní 2001, koma þrír nýir málsliðir er orðast svo: Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu flutningsgjald að fjárhæð kr. 2.000 með hverri tilkynningu. Gjalddagi reiknings er við útgáfu reiknings og eindagi er 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva frekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. ágúst 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.